

4. bekkur – áætlun í íslensku

Miðönn 2022 - 23

Kennarar: Angelia Fjóra Vilhjálmsdóttir og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir

Markmið: Á miðönn er markmiðið að efla orðaforða, auka lesskilning og lestraráhuga sem og lesfimi og læra undirstöðu íslenskrar málfræði.

Kennslubækur: Skrifarbækur, stafsetningaræfingar, Ritrún 3, Bras og þras á Bunulæk(bæði lestrarbók og vinnubók), Sprelligosarnir(bæði lestrarbók og vinnubók), Loftur og gullfuglarnir (bæði lestrarbók og vinnubók) og ýmsar lestrarbækur.

Unnið verður með: Lesfimi, lestrarlag, orðaforða, lesskilning sem og skrift, stafsetningu og ritun. Einnig verður unnið að því að þjálfa fingrasetningu á lyklaborð.

Vika	Viðfangsefni	Fastar dagsetningar
14. – 18. nóv	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Skrift og ritun	17. nóv. foreldradagur
21. – 25. nóv	Lestur og vinnubók Skrift og stafsetning	
28. nóv – 02. des	Lestur og vinnubók/lesskilningur Yndislestur – skrift Ritun	1. des fullveldis- dagurinn
05. – 09. des	Lestur og vinnubók/lesskilningur Yndislestur – skrift Jólaortagerð	
12. – 16. des	Lestur og vinnubók/lesskilningur Yndislestur – skrift Jólaortagerð	
19. des	Jólasaga og kort	19. des jólagleði
Jólafrí		

02. – 06. jan	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Skrift og ritun	2. jan starfsdagur kennara 6. jan þrettándinn
09. -13. jan	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Skrift og ritun Könnun í lesfimi	
16. – 20. jan	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Framsögn - þjóðsaga	20. jan bóndadagur
23. – 27. jan	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Könnun í skrift og stafsetningu	
30. jan – 03. feb	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Könnun í lesskilningi	
06. – 10. feb	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Skrift og ritun	
13. – 17. feb	Lestur og vinnubók/lesskilningur Lesfimi og lestrarlag Skrift og ritun	13. feb annarleyfi 14. feb skipulagsdagur 15. feb foreldradagur

Hæfniviðmið:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

Framsögn:

beitt skýrum og áheyrilegum framburði,

tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,

sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,

hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,

nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,


átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Lestur og bókmenntir:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,

nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,



tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings, lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum, beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap, beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu, aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi, lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum, valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju

Ritun:

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi, samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð, beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi, nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis, skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu, skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

Málfræði:


Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska, þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag, gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða, leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu, búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta, greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta, leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki, gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Námsmat:

Vinnubækur og verkefni: 30% (þjálfum að afla upplýsinga, sýna rökhugsun í úrvinnslu verkefna og að draga ályktun út frá texta. Almenn vinnusemi).

Kannanir: 60% (Námsmat í lesfimi, lestrarlagi, lesskilningi, skrift, stafsetningu og málfræði)



Kennaraeinkunn: 10% (metin virkni og vinnusemi sem og samvinna).